

Ed.

411. Nefndarálit

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þegar búnaðarskólar voru fyrst reistir hér á landi á árunum 1880—1890, voru þeir sniðnir eftir norskri fyrirmynd, og var við þá kennt bæði bóklegt og verklegt. Þetta gafst vel. Skólarnir voru vel sóttir, og nemendur, sem frá þeim komu, unnu sér nokkurt álit. Er kom fram undir aldamótin, var þó farið að tala um það, að óþarfi væri að fara á búnaðarskóla til að læra hið verklega, og urðu þessar raddir háværingar og leiddu til minnkandi aðsóknar. Þá var fyrirkomulagi skólanna breytt, fyrst Hólaskóla og síðar hinum, og þeim þá fækkað í tvo og gerðir að bóklegum skólum, að nokkru eftir danskri fyrirmynd. Hugsunin var þó sú, að nemendurnir gætu lært verklegt, ef þeir vildu, og var í því skyni lögð sú skylda á skólana að útvega nemendum námsstaði sumarið milli skólavetranna, ef þeir óskuðu, og þá í lengri eða skemmri tíma eftir atvikum. Að þessu var nokkuð gert fyrstu árin eftir breytingu skólanna. Nemendur frá Hólaskóla unnu mest hjá Ræktunarfélagi Norðurlands, sem þá var að brjóta land á Akureyri, en auk þess var þeim líka komið til einstakra bænda í verklegt nám, en mikil hrögð voru ekki að því. Síðar voru tekin upp námskeið við skólana og nemendum kennt á verklegu námskeiði þar. Þau stóðu oftast í sex vikur að vorinu, en stundum voru þau bæði haldin að vori og hausti. Þó að nemendur fengju töluverða æfingu í því á verklegu námskeiðunum að vinna með hestaverkfærum og síðar með vélknúðum verkfærum, þá var það stöðugt álit manna, er lítt þekktu til, að þessi verklegu námskeið væru gagnslaus. Til voru þá líka þeir nemendur, sem lítið lærðu og spöruðu ekki að kenna námskeiðunum um. Þetta leiddi til minnkandi aðsóknar og varð til þess, að breytt var aftur til og verklega námskeiðið látið standa vorið og sumarið milli vetranna. Enginn vafi er á því, að verklega kennslan er vel rækt af skólunum hér. Á Hvanneyri eru til ýmsar tegundir af dráttarvélum og öll verkfæri, sem við þær eru notuð við venjulega jarðvinnslu. Á Hólum er vélakostur minni, en þó nægur til þess, að nemendur fá nokkra æfingu í meðferð þeirra. En nú hregður aftur svo við, að aðsókn að skólunum minnkar og erfiðlega gengur að halda nemendum í verklega náminu milli skólavetranna. Er því kennt um nú, að verklega námið sé of langt, piltarnir geti ekki verið heiman að o. s. frv. Þess vegna eru nú uppi raddir um að draga úr því, og er komið á móti þeim í þessu frumvarpi, þar sem ætlað er til, að nemendurnir fái 780 vinnustundir í verklegu námi, í stað þess að nú á það að standa yfir sumarið milli skólavetranna. Í þessum 780 stundum er talin hirðing búfjár að vetrinum, og eftir því, hve miklu af verknámstímanum er eytt í það, fer, hvað eftir verður til þess eiginlega jarðyrkjuverknáms.

Ég hef alltaf lítið svo á, að verklegt nám væri hverjum manni, sem ætlaði sér að verða bóndi, nauðsynlegt. Og það hefur verið svo, að margir, sem dvalizt hafa á bændaskólunum, hafa lengri eða skemmri tíma á eftir unnið að jarðabótum, fyrst þúfnasléttun, síðan umferðarplægingum, og nú síðustu árin með stórum jarðvinnsluvélum ýmiss konar. Til þess að þeim gæti farið sú vinna vel úr hendi, var þeim nauðsynlegt að fá sem mesta æfingu á verklegu námskeiðunum. Ég get því ekki skilið þá breyttu stefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, að það sé rétt nú að draga úr verklega náminu. Mér finnst þvert á móti, að það sé að minnsta kosti vafasamt, hvort okkur hafi nokkurn tíma verið meiri nauðsyn en nú á að hafa verklega námið sem fullkomnast og bezt. Vélataeknin eykst mjög, og vegna þeirra erfiðleika, sem verið hafa á útvegum véla, hefur leitt m. a., að fleiri tegundir og fjölbreyttari hafa flutzt til landsins en ella hefði verið, en það leiðir aftur af sér, að sá, sem ætlar að vera fær að vinna með vélum hér á landi, þarf að vera vel að sér í þeim greinum. Þess vegna

tel ég fjarstæðu að draga úr verklega náminu, en segja má, að það sé önnur aðal-
breytingin, sem frumvarpið gerir, frá núgildandi lögum um bændaskóla.

Á síðustu árum hefur skólalöggjöf landsins verið umsamin og samræmd, þannig
að skóli tæki við af skóla, og kennslunni í hverjum einum væri hagað í samræmi við
það, sem nemandinn hefði lært áður, og það, hvað honum svo væri ætlað að bæta
við sig. Enn hafa bændaskólarnir hvergi verið settir inn sem liður í skólalöggjöfinni.
Gefur þó að skilja, að nú á að verða mögulegt að haga kennslu öðruvísi en vera
varð, þegar nemendurnir voru svo ólíkir, að sumir voru gagnfræðingar með góðri
einkunn, en aðrir svo illa undirbúnir, að þeir kunnu ekki að skrifa nafnið sitt rétt.
Eftir að bændaskólunum er ætlað sæti í skólakerfinu, verður að ætla, að nemendurnir
geti komið á skólana með sömu undirbúningsmenntun, og eftir því annars vegar
og hinu, sem ætlazt er til, að nemandinn bæti þar við sig, verður að haga kennslunni
í skólanum. Um þetta hefur ekkert verið hugsað í þessu frumvarpi. En þetta, tel
ég, að eigi gera, um leið og bændaskólalögunum er breytt, m. a. til þess, að námið
nýtist sem best. Þá er bætt við lögin grein (15. gr.) um framhaldsmenntun fyrir
búfræðinga, án þess að þar sé á nokkurn hátt rætt nánar um, hvernig hún skuli vera.
Mikill vafi leikur á því, hver nauðsyn sé á þessari framhaldsdeild, og eigi hún að
stofnast, þá á því, hvernig eigi að koma henni fyrir, svo að heppilegast sé. Er það
mál lítt rannsakað og þarfnast nánari athugunar, áður en framkvæmt er.

Af þessum og fleiri ástæðum tel ég, að ekki beri að samþykkja þetta frumvarp
nú. Ég tel, að það þurfi betra undirbúnings og athugunar við, og legg því til, að
samþykkt verði svo hljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Um leið og deildin felur ríkisstjórninni að láta athuga frumvarpið nánar og
meðal annars fella það sem lið inn í heildarskólakerfi landsins og leggja það síðan
svo breytt fyrir Alþingi, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febrúar 1948.

Páll Zóphóniasson.